

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 28. desember 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-30/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Pann 9. apríl 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um borðplötu, sem keypt var af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur borðplötuna gallaða og krefst þess að fá nýja borðplötu eða endurgreiðslu.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 29. maí 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Neftndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á svartri granít borðplötu af seljanda í september árið 2014 fyrir 472.630 krónur, en seljandi sá einnig um að setja borðplötuna á eldhúsinnréttingu í fasteign álitsbeiðanda. Tæplega tveimur árum síðar tók álitsbeiðandi eftir tveimur sprungum í plötunni og hafði samband við seljanda í kjölfarið. Eigandi seljanda mætti á staðinn og skoðaði borðplötuna en gat ekki svarað því hvernig slíkar sprungur gætu hafa myndast þar sem þær væru ekki á svokölluðum álagssvæðum, heldur við helluborðið og fyrir ofan skúffu í miðri borðplötunni. Að sögn álitsbeiðanda viðurkenndi seljandi að borðplatan væri haldin galla en seljandi kvaðst eiga til eina plötu af sömu tegund og þeirri sem sett var í eldhús álitsbeiðanda. Var því aðeins skipt um einn hluta borðplötunnar af þremur, en það var gert í september árið 2017. Seljandi bar efni á borðplötuna eftir að hafa sett hana upp, en efnið átti að verja steininn og mást af með tímanum.

Um þremur vikum eftir að borðplatan var sett á eldhúsinnréttinguna kveðst álitsbeiðandi hafa tekið eftir samskonar sprungu í borðplötunni og áður var fyrir ofan skúffuna, næstum því á sama stað og áður. Álitsbeiðandi hafði því aftur samband við seljanda sem féllst á að koma og skoða plötuna á ný. Álitsbeiðandi bað um nokkurn fyrirvara áður en seljandi kæmi til að álitsbeiðandi gæti hitt starfsmann seljanda og rætt við hann. Seljandi mætti síðar á staðinn með stuttum fyrirvara að sögn álitsbeiðanda, en sonur álitsbeiðanda opnaði fyrir starfsmanninum sem stoppaði stutt og náði álitsbeiðandi því ekki að ræða við hann. Að sögn álitsbeiðanda hefur seljandi viðurkennt að borðplatan liggja alveg rétt og engin spenna sé á henni en heldur því fram að álitsbeiðandi hafi einfaldlega sett eitthvað heitt eða þungt á plötuna sem hafi gert það að verkum að hún springi. Álitsbeiðandi segir að aldrei hafi neitt þyngra verið sett á borðplötuna en innkaupapokar og ávallt séu notaðir hitaplattar þegar matur er settur á hana beint úr ofninum. Slíkt eigi hins vegar ekki að þurfa að sögn álitsbeiðanda, því steinninn eigi að þola ansi margt og var keyptur vegna þess. Álitsbeiðandi segir að ef hún hefði fengið færi á að hitta starfsmann seljanda hefði hún bent honum á „nokkuð þykka límklestu“ rétt við sprunguna sem mögulega myndi spennu auk þess sem platan sé fest niður á mörgum stöðum og fái mögulega ekki þá „hreyfingu“ sem hún þurfi og springi af þeim

sökum. Álitsbeiðandi telur einnig miklar líkur á því að sú eina plata sem seljandi átti eftir af sömu tegund hafi verið haldin galla líkt og sú sem var skipt út.

Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi skipti út borðplötunni. Ef seljandi á eins plötu vill álitsbeiðandi að henni verði skipt út að nýju á þeim hluta innréttingarinnar þar sem platan er sprungin. Að öðrum kosti vill álitsbeiðandi að skipt verði út öllum borðplötunum á innréttingunni á kostnað seljanda eða að seljandi endurgreiði borðplötuna á uppreiknuðu verði miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs frá september 2014 til apríl 2018.

IV

Niðurstaða kærufndarinnar

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Álitsbeiðandi festi kaup á svartri granít borðplötu af seljanda fyrir 472.630 krónur í september árið 2014, en seljandi sá einnig um að setja borðplötuna á eldhúsinnréttingu í fasteign álitsbeiðanda. Sú greiðsla sem álitsbeiðandi innti af hendi til seljanda var að meginstefnu til vegna kaupa á borðplötunni þrátt fyrir að seljandi hafi einnig tekið að sér að setja borðplötuna upp. Megininntak viðskipta aðila var því kaup á borðplötunni og falla viðskiptin undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi skipti um hluta borðplötunnar í september árið 2017 á eigin kostnað vegna tveggja sprungna í plötunni. Um þremur vikum eftir að hluta borðplötunnar var skipt út varð álitsbeiðandi var við aðra sprungu í nýju plötunni á svipuðum stað og önnur af sprungunum var í plötunni sem hafði verið skipt út. Álitsbeiðandi telur að borðplatan sé haldin galla og krefst þess að henni verði skipt út, að hluta til ef seljandi getur skipt út þeim hluta plötunnar sem er brotinn. Ef seljandi getur ekki skipt plötunni út að hluta krefst álitsbeiðandi þess að seljandi skipti um borðplötu í eldhúsinnréttingu sinni í heild eða endurgreiði sér kaupverð borðplötunnar á uppreiknuðu virði.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 1. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Ákvæði 2. mgr. 15. gr. nkpl. er svohljóðandi:

Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
b. hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað;

c. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;

d. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;

e. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að varðveita og vernda hann;

f. vera í samræmi við þær kröfur opinbers réttar sem gerðar eru í lögum eða opinberum ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli laga á þeim tíma sem kaup eru gerð, ef neytandinn ætlar ekki að nota hlutinn á þann hátt að kröfurnar séu þýðingarlausar;

g. vera laus við réttindi þriðja manns, t.d. eignarrétt eða veðrétt. Söluhluturinn skal einnig vera laus við kröfur þriðja manns um réttindi í hlutnum, enda þótt þeim sé mótmælt, nema kröfurnar séu augljóslega órökstuddar.

Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa við til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu. Samkvæmt síðastgreindu lagaákvæði hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að borðplatan hafi ekki verið haldin galla á seljanda fyrstu 6 mánuði eftir kaupin en að þeim tíma liðnum færist sönnunarbyrðin yfir til neytanda. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Sprungan í borðplötunni kom samkvæmt álitsbeiðanda í ljós um þremur vikum eftir að eldri plötunni var skipt út vegna samskonar sprungna, en seljandi féllst í fyrra skiptið á að um galla væri að ræða og skipti borðplötunni út á eigin kostnað. Þegar samskonar sprunga kom aftur í borðplötuna má ráða af gögnum málsins að seljandi hafi talið álitsbeiðanda hafa valdið sprungunni.

Álitsbeiðandi hefur bent á að samkvæmt leiðbeiningum seljanda ætti borðplatan að þola margt og hefur seljandi haldið því fram að slík plata ætti að endast líftíma innréttingarinnar í eldhúsinu. Í tölvupóstsamskiptum milli álitsbeiðanda og seljanda bendir seljandi á að álitsbeiðandi gæti hafa sett þunga innkaupapoka á plötuna sem hafi valdið sprungunni eða að heitur matur hafi verið tekinn beint úr ofninum og settur á plötuna, og valdið skemmdum.

Um er að ræða granít borðplötu sem álitsbeiðandi greiddi 472.630 krónur fyrir árið 2014 og má því gera ráð fyrir að um nokkuð vandaða borðplötu sé að ræða. Ekki er hægt að fullyrða um það hversu lengi borðplata sem þessi á að endast og hlýtur endingartíminn raunar að fara eftir aðstæðum hverju sinni, uppsetningu, meðferð og notkun ásamt gæðum steinsins sem platan er unnin úr. Þó má fullyrða að í eðlilegum aðstæðum ætti slík plata að endast lengur en í þrjár vikur án þess að sprunga myndist líkt og í tilfelli álitsbeiðanda. Athugasemdir seljanda, um mögulega háttsemi álitsbeiðanda, beinast að nokkuð eðlilegri umgengni í eldhúsi og ættu innkaupapokar almennt ekki að valda því að borðplata af þessari gerð springi líkt og í tilfelli álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi hefur bent á að ávallt séu notaðir hitaplattar þegar matur sé tekinn úr ofninum og settur á borðplötuna og er ekki tilefni til að efast um þá frásögn.

Af því sem fyrir liggur í málinu er ekkert sem bendir til þess að óeðlileg háttsemi álitsbeiðanda hafi valdið því að sprungur hafi myndast í borðplötunni. Kærunefndin getur ekki annað en litið svo á að borðplatan hafi verið haldin galla sem feli það í sér að borðplatan þolir ekki eðlilega notkun og álag, sem gera verður kröfu um að borðplata í eldhúsi þoli. Álítur kærunefndin því að borðplatan hafi verið gölluð, sbr. a, b og c-liðir 2. mgr. 15. gr. nkpl., sbr. a-liður 1. mgr. 16. gr. laganna.

Álitsbeiðandi hefur krafist nýrrar afhendingar á borðplötu á þann hluta eldhúsinnréttingarinnar þar sem sprunguna er að finna samkvæmt 29. gr. nkpl., af þeirri gerð sem er nú þegar í eldhúsinu. Ef seljandi hefur ekki undir höndum borðplötu af þeirri gerð sem er nú á innréttingu álitsbeiðanda, gerir álitsbeiðandi kröfu um afhendingu á nýrri borðplötu á alla eldhúsinnréttinguna í heild. Ef seljandi getur ekki orðið við því krefst álitsbeiðandi endurgreiðslu kaupverðsins á uppreiknuðu virði.

Af gögnum málsins verður ráðið að seljandi hafi aðeins átt eina plötu eftir af þeirri tegund sem er í eldhúsi álitsbeiðanda, á þeim tíma er galli kom upp í fyrra skiptið. Ef seljandi hefur undir höndum aðra plötu af þeirri gerð sem er nú þegar í eldhúsi álitsbeiðanda álítur kærunefndin að seljanda beri að setja hana upp í stað þeirrar plötu sem haldin er galla. Ef ekki er mögulegt að útvega slíka plötu álítur kærunefndin að seljanda beri að skipta borðplötu álitsbeiðanda út í heild með nýrri plötu af sambærilegum gæðum, sbr. 29. og 30. gr. nkpl.

V
Álitsorð

Seljanda, Y, ber að afhenda álitsbeiðanda, X, nýja borðplötu í stað þeirrar sem haldin er galla. Seljanda ber að skipta út þeim hluta borðplötunnar sem sprunga er í. Ef ekki er mögulegt að skipta þeim hluta borðplötunnar út ber seljanda að afhenda kaupanda nýja borðplötu á alla innréttinguna.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson